

Heimilt er að inna af hendi greiðslur til framleiðenda á $15/80$ hlutum hins sérstaka fódurgjalds, með skuldajöfnunarávísun endurgreiðslureiknings, sbr. 2. mgr. Skuldajöfnunarávísun notist til fóðurkaupa eða framvísist endurgreiðslureikningi þegar fódurgjaldið gjaldfellur samkvæmt skuldaviðurkenningum fódurinnflytjanda.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. l. nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. júlí 1986 og gildir til 31. desember 1986.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 317

25. júní 1986

AUGLÝSING

um útvvarpsgjald.

Útvvarpsgjald, sbr. 22. gr. útvvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið kr. 1 525,00, fyrir 3. ársfjórðung 1986.

Menntamálaráðuneytið, 25. júní 1986.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.

Nr. 318

30. júní 1986

AUGLÝSING

um takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu.

Landbúnaðarráðuneytið hefur samkvæmt heimild í 5. mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall, þ. e. sameiginlegan afrétt Ás- og Sveinsstaðahreppa í Austur-Húnavatnssýslu, svo og upprekstur hrossa úr Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu á fyrrnefnda afrétti. Bann þetta gildir frá og með 1. júlí n.k. og til ársloka 1986. Ennfremur skal upprekstur hrossa á Sauðadal takmarkast við 100 hross á tímabilinu 15. júlí til 10. september 1986.

Jafnframt hefur ráðuneytið ákveðið að upprekstur sauðfjár á Grímstunguheiði verði fyrst heimill eftir 10. júlí n.k.

Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 43. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 40. gr. laga nr. 10/1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.